

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2021

Starfsgreinasamband Íslands

Ársreikningur

2021

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Starfsgreinasambands Íslands.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsgreinasambandi Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðreglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeignadi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsgreinasambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 24. nóvember 2022

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfredsson
endurskoðandi

Áritun stjórnar

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsgreinasamband Íslands er samband 19 verkalyðsfélaga og aðili að Alþýðusambandi Íslands. Sambandið er stærsta aðildarfélag ASÍ og starfar í samræmi við lög þess.

Á árinu 2021 námu tekjur Starfsgreinasambands Íslands umfram gjöld kr. 10.578.990 og nam bókfært eigið fé í árslok kr. 91.536.121.

Framkvæmdastjórn SGS lagði til á þingi sambandsins 23.-25. mars 2022 að álagður skattur á aðildarfélög SGS fyrir síðasta ársfjórðung 2020 verði felldur niður og komi ekki til neins konar innheimtu. Á þinginu var einnig tekin ákvörðun um að skattur á aðildarfélög í samræmi við grein 7.01 í lögum sambandsins verði 3,8% fyrir árin 2022-2023.

Stjórn Starfsgreinasambands Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. nóvember 2022

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Innheimtar skatttekjur		291.522.951	290.507.179
Hlutdeild ASÍ		(208.462.926)	(211.185.769)
Skatttekjur samtals	3	83.060.025	79.321.410
Aðrar tekjur	4	0	120.000
		<u>83.060.025</u>	<u>79.441.410</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	(30.053.762)	(30.610.383)
Almennur kostnaður	6	(35.551.858)	(32.059.966)
Afskriftir fastafjármuna	8	(7.030.217)	(2.574.472)
		<u>(72.635.837)</u>	<u>(65.244.821)</u>
Rekstrarhagnaður		10.424.188	14.196.589
Fjármunatekjur	7	209.272	359.802
Fjármagnsgjöld	7	(54.470)	(952.719)
		<u>154.802</u>	<u>(592.917)</u>
Tekjur umfram gjöld á rekstrarárinu		<u>10.578.990</u>	<u>13.603.672</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	17.319.753	9.957.243
Fjárfestingaverðbréf	9	12.125.986	12.125.986
		<u>29.445.739</u>	<u>22.083.229</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	10	5.787.567	1.986.305
Handbært fé	10	63.322.129	61.956.762
		<u>69.109.696</u>	<u>63.943.067</u>
Eignir		<u>98.555.435</u>	<u>86.026.296</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11	<u>91.536.121</u>	<u>80.957.131</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	12	<u>7.019.314</u>	<u>5.069.165</u>
Eigið fé og skuldir		<u>98.555.435</u>	<u>86.026.296</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Innborganir:			
Innborganir frá sambandsfélögum		83.060.025	79.321.410
Innborgaðar aðrar tekjur		0	120.000
Innborgaðir vextir		209.272	359.802
		<u>83.269.297</u>	<u>79.801.212</u>
Útborganir:			
Greiddur ýmis kostnaður		(67.456.733)	(59.201.810)
Greiddir vextir		(54.470)	(952.719)
		<u>(67.511.203)</u>	<u>(60.154.529)</u>
Rekstrarhreyfingar		<u>15.758.094</u>	<u>19.646.683</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(14.392.727)	(7.622.776)
		<u>(14.392.727)</u>	<u>(7.622.776)</u>
Hækkun handbærs fjár		1.365.367	12.023.907
Handbært fé í upphafi árs		61.956.762	49.932.855
Handbært fé í lok árs		<u>63.322.129</u>	<u>61.956.762</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsemi Starfsgreinasambandsins felst í því meginhlutverki þess að sameina verkalyðsfélög í baráttunni fyrir bættem kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalyðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsgreinasambands Íslands fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning skatttekna

Skattur til Starfsgreinasambands Íslands er reiknaður sem hlutfall af félagsgjöldum sambandsfélaganna. Innheimta skatts Starfsgreinasambandsins af félagsgjöldum sambandsfélaganna er byggð á ársreikningum þeirra, en á áætlun þegar ársreikningar félaga fyrir árið 2020 liggja ekki fyrir og er skattstofninn þá áætlaður með hliðsjón af síðasta framlögðum ársreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

Skýringar

3. Skatttekjur

Skatttekjur Starfsgreinasambands Íslands greinast á eftirfarandi hátt:

	2021	2020
Skattstofn Starfsgreinasambands Íslands	2.702.075.529	2.644.047.005
Skatthlutfall SGS af félagsgjöldum	4,00%	4,00%
	108.083.021	105.761.880
Afsláttur af aðildargjöldum	(25.022.996)	(26.440.470)
	83.060.025	79.321.410

Framkvæmdastjórn ákvað á fundi sínum 10. nóvember 2021 að leggja til við formenn að veita 50% afslátt af álögðum skatti fyrir síðasta ársfjórðung 2021. Upphæð afsláttar er 25.022.996 kr.

4. Aðrar tekjur

	2021	2020
Tekjur vegna hagræðingardeildar	0	120.000
	0	120.000

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun	25.955.756	23.965.926
Tryggingargjald	1.853.449	1.781.129
Lífeyrissjóður	3.459.141	3.169.965
Sjúkra- og orlofsheimilaskjóður	428.280	395.449
Reiknað áfallið orlof, breyting	296.232	38.970
Annar starfsmannakostnaður	1.060.904	1.258.944
Þátttaka annarra í launum	(3.000.000)	0
	30.053.762	30.610.383
Stöðugildi að meðaltali	2,2	2,2

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2021 námu 14,7 milljónum króna (2020: 14,3 m.kr.)

Skýringar

6. Almennur kostnaður

	2021	2020
Húsaleiga	6.893.854	7.618.500
Samstarfssamningur SGS og ASÍ	7.737.001	7.427.609
Erlend aðildarfélög	7.643.217	2.349.904
Ferðakostnaður erlendis	145.581	0
Kostnaður vegna funda og þinga	2.299.052	2.853.862
Ökutækjastyrkir	53.140	83.995
Sími og burðargjöld	432.470	1.228.608
Pappír, prentun og ritföng	61.804	2.507.469
Skrifstofuáhöld og innréttingar	288.269	413.042
Tölvuþjónusta og rekstur tölvu	1.621.774	1.811.095
Kostnaður við gerð heimasíðu	1.024.017	1.289.662
Tímarit, bækur og áskrift	122.237	228.871
Gjafir og styrkir	476.758	275.000
Auglýsingar	616.945	182.114
Endurskoðun og reikningsskil	714.506	1.279.391
Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta	1.986.932	3.922.352
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna	64.060	107.067
Fæðis- og kaffikostnaður	591.912	1.034.113
Annar kostnaður	2.662.198	499.293
Endurgreiddur kostnaður	0	(2.247.643)
Afskrifaðar tapaðar kröfur	0	79.865
Tryggingar	46.633	0
	<u>35.551.858</u>	<u>32.059.966</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	268.298	461.285
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(59.026)	(101.483)
	<u>209.272</u>	<u>359.802</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(1.823)	0
Þjónustugjöld	(49.299)	(60.601)
Vaxtagjöld	(3.348)	(892.118)
	<u>(54.470)</u>	<u>(952.719)</u>
	<u>154.802</u>	<u>(592.917)</u>

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld, tæki og innréttingar
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun	13.460.225
Eignfært á árinu	14.392.727
Staða í árslok	27.852.952
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	3.502.982
Afskrift ársins	7.030.217
Staða í árslok	10.533.199
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun	9.957.243
Bókfært verð í árslok	17.319.753
Afskriftarhlutföll	30%

9. Fjárfestingaverðbréf

	2021	2020
Eignarhlutur í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf.	12.125.986	12.125.986
	12.125.986	12.125.986

Eignarhlutur Starfsgreinasambandsins í Eignarhaldsfélaginu Sætúni 1 ehf. nam 11,2 % í árslok og er færður á kostnaðarverði.

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	1.295.000
Inneignir hjá sambandsfélögum	1.902.437	691.305
Inneignir hjá Félagsmannasjóð	3.031.042	0
Samstarfssjóður SGS	854.088	0
	5.787.567	1.986.305

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2021	31.12.2020
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	63.322.129	61.956.762
	63.322.129	61.956.762

Skýringar

11. Eigið fé

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	67.353.459
Tekjur umfram gjöld ársins	13.603.672
Eigið fé 1.1.2021	80.957.131
Tekjur umfram gjöld ársins	10.578.990
Eigið fé 31.12.2021	91.536.121

12. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur	0	28.800
Ögreidd laun og launatengd gjöld	4.133.283	3.599.480
Fyrirfram innheimtir styrkir	342.927	342.927
Ögreiddur kostnaður	892.915	1.012.212
Aðrar skuldir	196.150	85.746
Skuld við sambandsfélög	1.454.039	0
	7.019.314	5.069.165

13. Húsaleigusamningur

Starfsgreinasambandið leigir húsæði fyrir starfsemi sína samkvæmt leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Sætún 1 ehf. Leigutími er til ársloka 2022. Gjaldfærðar leigugreiðslur í ársreikningi 2021 námu samtals 7,9 millj.kr. (2020: 7,6 millj.kr.). Til lækkunar koma leigutekjur frá fræðslusjóðnum Landsmennt, en Starfsgreinasamband Íslands leigir sjóðnum sem samsvarar einni og hálfri skrifstofu. Leigutekjur á árinu 2021 námu 1 millj. kr. (2020: 1 millj. kr.)

Sundurliðanir

	2021	2020
Rekstrartekjur		
Skatttekjur	291.522.951	290.507.179
Hlutdeild ASÍ í skatttekjum	(208.462.926)	(211.185.769)
	<u>83.060.025</u>	<u>79.321.410</u>
Aðrar tekjur		
Tekjur vegna hagræðingardeildar	0	120.000
	<u>0</u>	<u>120.000</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	25.955.756	23.965.926
Bifreiðastyrkir	1.010.904	912.600
Tryggingagjald	1.853.449	1.781.129
Lífeyrissjóður	3.459.141	3.169.965
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	428.280	395.449
Áunnið orlof, breyting	296.232	38.970
Annar starfsmannakostnaður	50.000	346.344
	<u>30.053.762</u>	<u>30.610.383</u>
Almennur kostnaður		
Húsaleiga	6.893.854	6.626.379
Samstarfssamningur SGS og ASÍ	7.737.001	7.427.609
Erlend aðildarfélög	7.643.217	2.349.904
Ferðakostnaður erlendis	145.581	0
Endurgreiddur ferðakostnaður	69.498	107.918
Kostnaður vegna funda og þinga	2.299.052	2.853.862
Sími og burðargjöld	432.470	1.228.608
Pappír, prentun og ritföng	61.804	2.507.469
Skrifstofuáhöld og innrétingar	288.269	413.042
Tölvuþjónusta og rekstur tölvu	1.621.774	1.811.095
Kostnaður við gerð heimasíðu	1.024.017	1.289.662
Tímarit, bækur og áskrift	122.237	228.871
Akstur og bifreiðastyrkur	53.140	83.995
Gjafir og styrkir	476.758	275.000
Auglýsingar	616.945	182.114
Endurskoðun og reikningsskil	714.506	1.279.391
Trygginar	46.633	0
Önnur sérfræðiþjónusta og aðkeypt þjónusta	1.986.932	3.922.352
Iðgjöld og tryggingar starfsmanna	64.060	107.067
Fæðis- og kaffikostnaður	591.912	1.034.113
Annar kostnaður	2.662.198	499.293
Endurgreiddur kostnaður	0	(2.247.643)
Afskrifaðar tapaðar kröfur	0	79.865
	<u>35.551.858</u>	<u>32.059.966</u>